


# CERAMIZER®

FYRIR TVÍGENGISVÉLAR



## Leiðbeiningar fyrir tvígengisvélar

Ceramizer® er ætlað til notkunar á tvígengisvélar, en efnið endurbyggir slitfleti vélarinnar á milli tveggja málmhluta.
Ceramizer® lagar viðkvæmustu slitfleti vélarinnar, eykur afl hennar og dregur úr eldsneytiseyðslu sem nemur 3 til 15%.
Rétt notkun á Ceramizer® skilar sér fljótt og vel í meira afli vegna aukinnar þjöppu, auk þess sem dregur úr titringi og hávaða frá vél og líftími vélarinnar lengist allt að áttfalt. Efnið ver helstu slitfleti vélarinnar gegn sliti og tæringu í amk 15.000 km.
Ceramizer® ver vélina gegn tæringu í langtímageymslu þá sérstaklega yfir vetrartíman, en tvígengisvélar geta auðveldlega skemmst vegna langvarandi notkunarleysis. Ceramizer® byggir upp slitfleti vélarinnar á meðan hún er í notkun og án þess að taka þurfi neitt í sundur. Málmríkt keramikið hefur einstaka eiginleika og þekur alla fleti vélarinnar, einkum þá sem eru tærðir, og endurskapar þannig upprunalega áferð þeirra og minnkar allt viðnám í vélinni. Slíkt leiðir til léttari vélargangs, meira afls og minni eldsneytiseyðslu. Efnið er því fljótt að borga sig upp í minna viðhaldi og lægri eldsneytisútgjöldum.

## EFNISUPPLÝSINGAR

1. Til að ná sem bestum árangri notið Ceramizer® í samræmi við leiðbeiningar.
2. Ceramizer® má blanda saman við allar gerðir smurolía fyrir tvígengisvélar.
3. Notkun á minna magni af Ceramizer® en gefið er upp dregur úr virkni.
4. Notkun á meira magni af Ceramizer® en gefið er upp skaðar ekki vélina.
5. Ceramizer hefur engin áhrif á olíuleka.

## NOTKUNARLEIÐBEININGAR

**Hægt er að nota efnið með tveimur aðferðum**

**Mælt er með aðferð eitt við vélar sem eru í góðu ástandi.**

### Aðferð 1

1. Blandið Ceramizer® saman við einn líter í brúsa af tvígengisolíu og hristið vel.
2. Hellið blöndunni á eldsneytistankinn eða smurolíu í þeim hlutföllum sem mælt er með frá framleiðanda vélar.
3. Þenjið ekki vélina í nokkra tíma.

**Mælt er með að notast við báðar aðferðinnar.**

**Mælt er með aðferð tvö við vélar sem eru mikið notaðar.**

### Aðferð 2

1. Hitið vélina upp í.
2. Drepið á vélinni.
3. Skrúfið kertið úr.
4. Setjið stimpilinn í efstu stöðu.
5. Sprautið hálfum skammti af Ceramizer í kertagatið.
6. Snúið sveifarásnum í nokkrum sinnum, án þess að ræsa vélinna.
7. Endurtakið þrep 2, 3 og 4.
8. Skrúfið kertið í.
9. Ræsið vélina og látið hana ganga í hlutlausum í rúmlega 15 mínútur.

## ATHUGASEMDIR:

1. Hefur engin áhrif á gúmmí eða plasthluti í vélinni.
2. Ef skemmdir eru á vélinni (t.d. brotnir stimpilhringir eða mikið rispaðir stimplar) þá er nauðsynlegt að laga þær áður en Ceramizer®-efnið er sett á.

### Aðferð 1



1. BLANDIÐ CERAMIZER® SAMAN VIÐ EINN LÍTER AF TVÍGENGISOLÍU OG SETJIÐ Á TANKINN



2. KEYRIÐ 700 KM

### Aðferð 2



1. SKRÚFIÐ KERTIÐ ÚR



2. SETJIÐ STIMPILINN Í EFSTU STÖÐU



3. SPRAUTIÐ HÁLFUM SKAMMTI AF CERAMIZER® Í KERTAGATIÐ



4. SNÚIÐ SVEIFARÁSNUM RÉTTSÆLIS Í NOKKRAR SEKÚNDUR




5. ENDURTAKIÐ ÞREP



6. SKRÚFIÐ KERTIÐ Í




7. RÆSIÐ VÉLINA

## Fyrir frekari upplýsingar og fyrirspurnir...

ceramizer@islandia.is | www.ceramizer.is | Cermaizer á Íslandi | Bæklingur á vefsíðu | Ceramizer á Íslandi